



Styrkás

Siðareglur birgja

Dags. 01.07.2025

1. Tilgangur

Stjórn Styrkáss telur mikilvægt að starfsemi og viðskipti félagsins, sem og allra félaga innan samstæðunnar, séu stunduð af virðingu og heiðarleika. Þessar siðareglur kveða á um þær kröfur sem Styrkás gerir til birgja sinna og byggja þær á Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og tíu meginviðmiðum sem sett eru fram í UN Global Compact. Í samræmi við þetta væntir Styrkás og öll félög innan samstæðu félagsins þess að allir birgjar, hvort sem þeir eru fyrirtæki eða einstaklingar sem veita vörur eða þjónustu, starfi í samræmi við þessi viðmið. Ef þess er óskað skal birgi staðfesta að hann uppfylli skilyrði siðareglanna og veita svör við birgjamati á grundvelli þeirra.

2. Gildissvið

Stjórn Styrkás samþykkir siðareglur þessar og gilda þær fyrir öll félög innan samstæðu Styrkás og alla birgja samstæðunnar. „Birgjar“ eru þau fyrirtæki eða einstaklingar sem Styrkás eða félög þess á í viðskiptum eða samstarfi við.

3. Siðareglur birgja Styrkáss

Styrkás væntir þess að birgjar fylgi þeim lögum og reglum sem gilda um starfsemi þeirra þar sem þeir starfa. Í því felst eftirfarandi:

Virðing fyrir mannréttindum

Styrkás leggur áherslu á að birgjar samstæðunnar virði alþjóðlega viðurkennd mannréttindi eins og þau eru skilgreind í Mannréttinasáttmála Sameinuðu þjóðanna og fylgi þeim lögum og reglum sem í gildi eru þar sem þeir starfa.

Friðhelgi og öryggi upplýsinga

Birgjar skulu vernda persónuupplýsingar birgja, viðskiptavina, neytenda og starfsmanna og fylgja lögum og reglum um friðhelgi og upplýsingaöryggi.

Vinumarkaður

Allar tegundir nauðungarvinnu og nútímaþrælahalds eru óásættanlegar. Birgjar skulu tryggja að starfsfólk vinni af frjálsum vilja án nokkurs konar þvingunar. Birgi skal tryggja að öllu starfsfólki sé frjálst að segja upp vinnu sinni og hætta með hæfilegum eða lögbundnum fyrirvara.

Laun og launakjör

Birgjar skulu tryggja að starfsfólk fái sanngjörn laun sem eigi aldrei að vera lægri en lágmarkslaun samkvæmt lögum eða kjarasamningum í viðkomandi landi. Kjarasamningar eða lög sem varða launatengdar greiðslur og önnur starfstengd réttindi ættu alltaf að vera virt.

Félagafrelsi og réttur til kjarasamninga

Birgjar skulu virða rétt starfsfólks til félagafrelsis og kjarasamninga samkvæmt gildandi lögum í hverju landi.

Jafnrétti og bann við mismunun

Birgjar skulu stuðla að vinnuumhverfi þar sem jafnrétti, virðing og umburðarlyndi eru í hávegum höfð, án hvers kyns mismununar. Í því felst að fylgt sé lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði og Mannréttinasáttmála Sameinuðu þjóðanna.



Einelti, kynferðisleg áreitni og kynbundið ofbeldi

Birgi skal virða alþjóðleg mannréttindi og stuðla að vinnuumhverfi þar sem einelti, kynferðisleg áreiti eða annað ofbeldi er ekki liðið.

Barnavinna

Birgjar skulu fylgja viðeigandi löggjöf um störf barna svo sem varðandi lágmarksaldur, vinnutíma og rétt til náms. Birgjar skulu ekki ráða börn undir lögaldri til að starfa sem ætla má að sé hættuleg eða skaðleg heilsu þeirra og öryggi.

Heilsa og öryggi

Birgjar ættu að leitast við að tryggja starfsfólki sínu öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi, fylgja viðeigandi lögum og reglum um aðbúnað á vinnustað og sjá starfsfólki sínu fyrir viðeigandi þjálfun í öryggis- og vinnuvernd.

Umhverfi

Birgi skal fylgja öllum viðeigandi lögum og reglum er varða umhverfismál og vera meðvitaður um möguleg umhverfisáhrif starfsemi sinnar og vinna að því að draga úr neikvæðum áhrifum sem af henni gætu hlýst.

Ábyrgir viðskiptahættir

Birgjar skulu starfa af ábyrgð og heiðarleika og og tryggja að farið sé að lögbundnum kröfum. Í því flest að vinna gegn hvers kyns spillingu, þar með talið mútum, kúgun, fjársvikum, peningaþvætti og annarri ólöglegri háttsemi. Styrkás á einungis í viðskiptum við aðila sem uppfylla kröfur um lögmæta og ábyrga viðskiptahætti, og tekur ekki þátt í ólögmætum viðskiptaháttum. Birgjar skulu sýna sérstaka aðgát þegar kemur að gjöfum, boðum eða öðrum fríðindum. Slík fríðindi mega ekki fela í sér ásetning um að hafa áhrif á ákvarðanir. Til að tryggja gagnsæi og siðferðilega háttsemi skulu félagslegir viðburðir og gestrisni vera innan eðlilegra marka og fylgja viðmiði Styrkás sem má finna í stefnu Styrkás vegna spillingar og mútumála. Stefnan er aðgengileg á vef félagsins, styrkas.is.

Hagsmunaárekstrar

Birgi skal gæta að mögulegum hagsmunaárekstrum og forðast aðstæður þar sem persónulegir hagsmunir eða aðrir, óskyldir hagsmunir kunna að hafa eða virðast hafa áhrif á starfstengdar ákvarðanir.

Alþjóðlegar þvingunaraðgerðir

Birgjar skulu forðast viðskipti við ríki, hópa, samtök eða einstaklinga sem sæta alþjóðlegum þvingunaraðgerðum.

4. Ábendingarleið og viðbrögð við brotum á siðareglum

Verði birgjar, starfsfólk þeirra eða aðrir aðilar varir við brot á siðareglum þessum, eða ósamræmi í háttsemi Styrkás, eru þeir hvattir til að senda ábendingu á tilkynningar vef Styrkás, www.styrkas.tilkynna.is. Ábendingar má senda undir nafni eða nafnlaust.

Komi upp rökstuddur grunur um brot mun Styrkás bregðast við samkvæmt skilgreindu verklagi sem miðar að úrbótum. Beri úrbætur ekki árangur, kann Styrkás að grípa til aðgerða, sem geta meðal annars falið í sér að slíta viðskiptasambandi.

Stefna þessi skal gerð aðgengileg á ytra og innra vefsvæði félagsins og dótturfélaga þess. Hún skal endurskoðuð af stjórn á tveggja ára fresti.

Þannig samþykkt af stjórn Styrkáss þann 01.07.2025